



*Erindisbréf
fyrir
umhverfisnefnd Bláskógabyggðar*

**I. kafli
Almenn ákvæði.**

1. gr.

Umhverfisnefnd er skipuð af sveitarstjórn Bláskógabyggðar og hefur í umboði sveitarstjórnar umsjón með málefnum sem varða umhverfismál.

Umhverfisnefnd skal starfa samkvæmt erindisbréfi þessu, sem sveitarstjórn hefur staðfest og almenningur skal hafa greiðan aðgang að, samykktum sveitarfélagsins, V. kafli sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og að öðru leyti eftir því sem lög og reglugerðir segja fyrir og sveitarstjórn felur henni.

2. gr.

Umhverfisnefnd er skipuð þremur (3) aðalmönnum og jafnmörgum til vara. Nefndin skiptir með sér verkum, kýs varaformann og ritara. Formaður er kosinn af sveitarstjórn. Seturétt á fundum nefndarinnar eiga sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs og sveitarstjóri.

3. gr.

Markmið.

Markmið með starfi umhverfisnefndar er að vinna að umhverfismálum innan sveitarfélagsins. Ákvarðanir nefndarinnar og vinna skulu fyrst og fremst vera í þágu allra íbúa sveitarfélagsins, sem leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í nefndinni, að setja ávallt almenningshagsmuni ofar sérhagsmunum hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa.

4. gr.

Hlutverk.

Umhverfisnefnd er ráðgefandi nefnd sem gerir tillögur til sveitarstjórnar, auk þess sem hún fer með lögundið hlutverk skv. lögum um landgræðslu og lögum um náttúruvernd.

Helstu hlutverk nefndarinnar eru:

- að vinna að náttúruvernd, svo sem varðveislu náttúruminja og annarra menningarlegra verðmæta í Bláskógabyggð,
- að fara með málefni gróðurverndar skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965 og hlutverk náttúruverndarnefndar skv. 14. gr. laga um náttúruvernd nr 60/2013,
- er ráðgefandi við sveitarstjórn varðandi hreinlætismál,
- að gera tillögur um fyrirkomulag sorphirðu frá heimilum,



- að stuðla að umhverfisvænum lausnum í úrgangsstjórnun,
- að vera sveitartjórn til ráðgjafar um umhverfismál og eftir atvikum að veita umsögn um skipulagsáætlanir og verklegar framkvæmdir,
- að starfa samkvæmt lögum og reglugerðum sem gilda um umhverfismál hverju sinni,
- að hafa umsjón með árlegu vali og veitingu viðurkenninga til fyrirtækja og einstaklinga fyrir fallett umhverfi,
- að gera tillögur til sveitarstjórnar um markmið og úrbætur á sviði umhverfismála og stuðla að kynningu til almennings og fyrirtækja um málefni sem eru á verksviði nefndarinnar,
- að stuðla að fegrun umhverfis og snyrtilegri umgengni,
- að gera tillögu að umhverfisstefnu,
- að vinna önnur þau verkefni er sveitartjórn felur nefndinni og falla að starfssviði hennar.

II. Kafli. Fundir og starfshættir.

5. gr.

Boðun funda.

Formaður boðar til funda svo oft sem þurfa þykir og stjórnar þeim. Funda skal eigi sjaldnar en tvisvar sinnum á ári.

Boðað skal til fundar ef að minnsta kosti tveir nefndarmenn óska eftir því enda sé fundarefni tilgreint. Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skili hann efni þess til formanns a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Nefndinni er heimilt að ákveða að fundir verði boðaðir með rafrænum hætti.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndarmenn, eða varamenn í forföllum þeirra, ásamt þeim sem seturétt eiga á fundunum, verið boðaðir með a.m.k. tveggja sólahringa fyrirvara og þeim jafnframt greint frá dagskrá fundarins. Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmri ef enginn nefndarmanna mælir gegn því. Fundir nefndarinnar skulu að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum. Nefndin getur boðað á sinn fund starfsmenn sveitarfélagsins ef hún telur þess þörf. Einnig getur hún boðið öðrum aðilum að koma á fund nefndarinnar til viðræðna um ákveðin mál.

6. gr.

Réttindi og skyldur.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndarinnar nema lögmaet forföll hamli. Nefndarmaður sem er forfallaður skal láta formann vita um forföll með góðum fyrirvara og boða staðgengil sinn.

Þeir sem sitja fundi nefndarinnar skulu gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamál er rædd kunna að vera á fundum hennar. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum. Á



nefndinni hvílir einnig upplýsingaskylda til þeirra er senda nefndinni erindi, ber formanni að sjá til þess að skrifstofa sveitarfélagsins sendi viðkomandi aðila niðurstöðu fundar.

Um réttindi og skyldur fulltrúa gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Bláskógabyggðar, eftir atvikum.

7. gr.

Ályktunarhæfi.

Umhverfisnefnd getur enga ályktun gert nema meirihluti hennar sitji fund og löglega hafi verið til hans boðað. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna og áheyrnarfulltrúa gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga. Fulltrúi skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

Umhverfisnefnd er ráðgefandi nefnd sem gerir tillögur til sveitarstjórnar. Nefndin getur enga bindandi ákvörðun tekið nema með samþykki sveitarstjórnar, enda hafi nefndinni ekki áður verið falin fullnaðarafgreiðsla einstakra mála.

8. gr.

Fundargerðir.

Rita skal í fundargerðabók öll mál sem fjallað er um í nefndinni og skulu allir fundarmenn rita nöfn sín undir fundargerðina. Heimilt er að rita fundargerð beint í tölvu. Með fundargerðir fer að öðru leyti skv. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

Fundargerðabók, afrit af skýrslum og skjölum nefndarinnar, lög, reglugerðir og erindisbréf skulu vera tiltæk á öruggum stað. Formaður skal sjá um að afrit af fundargerðum nefndarinnar séu send sveitarstjórn til kynningar og/eða samþykktar að loknum hverjum fundi. Sveitarstjórn sér um birtingu fundargerða nefndarinnar á vef sveitarfélagsins.

Nefndin heldur sérstaka trúnaðarmálabók, þar sem skráð er afgreiðsla mála er varða einkahagi og persónuleg mál. Bók þessi skal geymd á öruggum stað í vörslu formanns, ásamt öðrum þeim gögnum sem varða afgreiðslu slíkra mála. Slík mál skulu ekki skráð í almenna fundargerðabók nefndarinnar.

9. gr.

Meðferð mála.

Umhverfisnefnd skal á fundum sínum taka fyrir öll þau erindi sem berast henni, fjalla um þau og gera tillögur um afgreiðslu þeirra til sveitarstjórnar, nema sveitarstjórn hafi falið henni fullnaðarafgreiðslu málsins. Þá skal formaður, strax að lokinni afgreiðslu, tilkynna málsaðilum niðurstöður málsins sé mál þannig vaxið.

Staðfest á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar þann 16. apríl 2020.

Róbertur Aron Pálmarsson



Valgerður Jónsdóttir

Halldór Sveinþórsson

Erna K.

Ólafur Þ.

Guðrún S. Magnúsd.

Helga Hjótunn